

Ráðgjafafundir

Ráðgjafar framhaldsfræðslunnar funduðu 28. febrúar. Farið var yfir tölur úr ráðgjöfinni fyrir árið 2019 og rætt um gæðamál, s.s. [skilgreiningu og skráningu á hópráðgjöf](#) og samstarf við fyrirtæki. Niðurstöður rannsóknar um ráðgjöf í raunfærnimati á vegum Cedefop og verkefni um raunfærnimat í atvinnulífinu voru kynnt. Í lok dags fjallaði Jónína Kárdal um notkun upplýsinga- og samskiptatækni í ráðgjöf en það hefur einnig verið meginefni síðustu funda. Stefnt er að því að halda næsta fund ráðgjafanetsins 14.- 15.september, með fyrirvara um breytingar.

Samfara Covid19 faraldrinum, hafa náms- og starfsráðgjafar nýtt tæknina til að vera í sambandi við nemendur og notendur ráðgjafarinnar. Ráðgjafar hafa víða unnið öflugt starf til að ná til nemenda, hvetja þá og styðja í sínu námi, námskeið og hópráðgjafarfundir hafa verið haldnir og komið hefur á óvart hversu vel hefur gengið að nýta tæknina við „fjarráðgjöf“. Sjá einnig [hlaðvarp FA](#) um efnið.

Skráning rafrænna viðtala

Varðandi skráningu ráðgjafarviðtala í INNU hefur verið bætt við möguleika að skrá sérstaklega rafræn viðtöl og símtöl. Þetta er skráð með því að haka við „*Rafrænt viðtal/símtal*“. Ef ráðgjafar hafa yfirlit yfir og tók á að skrá þessi viðtöl aftur í tímann, sérstaklega mars, apríl og maí 2020 gæti það leitt í ljós athyglisverðar upplýsingar varðandi Covid tímabilið. Mikilvægt er að haka við þennan möguleika framvegis, þegar við á.

Heimasíðan

Unnið hefur verið í [ráðgjafarhluta heimasíðunnar](#) undanfarið og er nú m.a. tengt inn á upplýsingar um náms- og starfsráðgjöf á heimasíðum allra miðstöðva. Ætlunin er að setja inn fleiri verkfæri sem nýst geta ráðgjöfum og reglulega birt viðtöl við náms- og starfsráðgjafa framhaldsfræðslunnar, í því augnamiði að vekja enn frekar athygli á ráðgjöfinni. Allar ábendingar og hugmyndir um efni eru vel þegnar.

Næstaskref

Ný útgáfa [Næstaskref.is](#) er vel á veg komin. Ýmsar nýjungar og uppfærslur verður þar að finna sem tengjast líklegu samstarfi við aðila innan menntakerfis og atvinnulífs, sem falast hafa eftir samstarfi. Í þeim efnum er þegar aðgengilegt [yfirlit sumarnámskeiða 2020](#) í framhalds- og háskólum, sem unnið var í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Einnig má nefna kerfi til að birta námskeið og námsleiðir framhaldsfræðslunnar, uppfærslu áhugakönnunarinnar og síðan smám saman ný og vonandi áhugaverð verkfæri sem ýta eiga undir upplýst og vel ígrundað náms- og starfsval.

Nordplus verkefnið – Starfs- og námsráðgjöf og hæfni í atvinnulífinu

Fyrsta hluta verkefnisins Starfs- og námsráðgjöf og hæfni í atvinnulífinu (KIAL) er nú að ljúka. Verkefnið snýr að náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðna á vinnumarkaði þar sem þörf á símenntun og starfsþróun eykst samfara hröðum breytingum á vinnumarkaði. Tekin hafa verið saman fjölbreytt dæmi um starfsferil fólks, frá öllum samstarfslöndunum, Danmörku, Finnlandi og Íslandi, þar sem áhersla er á að draga fram hvernig nýta má hæfni á nýjum vettvangi og/eða í annarskonar starfi og hvernig atvinnulíf og menntun spila saman.

Í öðrum hluta verður skoðað hvers konar hæfni og þekking er mikilvæg fyrir ráðgjafa til að sinna fullorðnum á vinnumarkaði. Einnig þær aðferðir og tæki sem best henta fyrir náms- og starfsráðgjöf við fólk sem vill eða þarf að breyta til eða skipta um starfsvettvang. Verkefninu lýkur með því að boðið verður upp á námskeið fyrir norræna ráðgjafa þar sem afurðir þess verða kynntar og prófaðar. Sjá frekari upplýsingar: <https://www.kial.nu/> og <https://www.facebook.com/kialkarrierevejledning>